

EFTIRLITSSKÝRSLA

Ís 47 ehf. Öfundarfirði



Dags eftirlits	28.8.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Ís 47 ehf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Fagraholti 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	650603-3030	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Gísli Jón Kristjánsson	ÍSAT nr.	03.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fjögur frávik komu fram í eftirlitinu: 1) Gild vöktunaráætlun er ekki til staðar. 2) Ársyfirliti var ekki skilað á tilskildum tíma. 3) Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. 4) Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. Ein ábending var gerð þess efnis að ekki kemur fram í gæðahandbók rekstraraðila hvenær hún var endurskoðuð. Eitt frávik, sem varðar að sýni voru ekki tekin á meðan eldissvæðið var hvílt árið 2023, var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð ÍS 47 í Öfundarfirði.

ÍS 47, Öfundarfirði er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun þann 11. mars 2015 og gildir til 31. desember 2030. Rekstraraðila er heimilt að framleiða á eldissvæðinu allt að 1.200 tonn á ári af regnbogasilungí og þorski með áframeldi þorsks í Öfundarfirði. Lífmassi á hverjum tíma skal ekki vera yfir 1.000 tonnum. Tvö svæði eru tilgreind í leyfinu (A og B) en svæði B hefur aldrei verið notað.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti
- Önnur mál
- Skoðunarferð og sigling

- Farið yfir starfsleyfi rekstraraðila og stöðuna frá síðasta eftirliti

Eitt frávik var opið þegar eftirlitið fór fram, en það varðar að sýni, í samræmi við vöktunaráætlun, voru ekki tekin á meðan eldissvæðið var hvílt frá mars og fram í ágúst árið 2023. Sýnataka fór fram þann 3. nóvember 2023, þ.e. eftir að fiskur var aftur settur út á svæðið. og er frávikinu því lokað.

Drög að nýrri vöktunaráætlun rekstraraðila voru send eftirlitsaðila í vor og sendi eftirlitsaðili í kjölfarið athugasemdir sínar til rekstraraðila. Rekstraraðili er því ekki með gilda vöktunaráætlun sem er frávik frá starfsleyfi.

- Eftirlitsmælingar og skráningar

Ársyfirliti var ekki skilað á tilskildum tíma. Ársyfirliti var skilað þann 28. ágúst 2024.

Grænu bókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. Grænu bókhaldi var skilað þann 28. ágúst 2024.

Útstreymisbókhaldi var ekki skilað á tilskildum tíma. Útstreymisbókhaldi var skilað þann 28. ágúst 2024.

Næsta sýnataka er áætluð í desember, en þá er reiknað með að lífmassi verði í hámarki.

- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat 2024 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Engar breytingar urðu á áhættumati frá síðasta eftirliti.

- Kynningar á fylgiskjölum og áherslum í eftirliti

Rekstraraðili er með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda og var skírteinin því til staðfestingar sent eftirlitsaðila að eftirlitinu loknu.

Gæðahandbók rekstraraðila var skoðuð. Í handbókinni eru þær áætlanir sem gerð er krafa um skv.

starfsleyfi. Umhverfismarkmið rekstraraðila voru endurskoðuð í júní 2022 en rekstraraðila er bent á að ekki kemur fram hvenær aðrir þættir í handbókinni voru endurskoðaðir.

5. Önnur mál

ÍS 47 ásamt Hábrún hafði áform um að hefja seiðaeldi í fiskeldisstöðinni Laxalóni í Reykjavík. Reykjavíkurborg hefur nú afturkallað lóðaleigusamning fyrir fiskeldi í Laxalóni og er það því ekki lengur til skoðunar.

6. Skoðunarferð og sigling

Siglt var út að kvíum rekstraraðila. Fiskur var í þremur kvíum þegar eftirlitið fór fram. Engar athugasemdir eru við umgengni og frágang.


Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 5.1 í starfsleyfi	Gild vöktunaráætlun er ekki til staðar.
Gr. 3.2 í starfsleyfi	Ársyfirliti fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Gr. 3.3 í starfsleyfi	Grænu bókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.
Gr. 3.3 í starfsleyfi	Útstreymisbókhaldi fyrir árið 2023 var ekki skilað á tilskildum tíma.

ÁBENDINGAR

Gæðahandbók rekstraraðila er til staðar en ekki kemur fram hvenær hún var endurskoðuð.

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 24.09.2024


Freyr Evarsson

